

Mál nr. 310/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.

Maður varð fyrir fiski sem starfsmaður henti í fiskikar 26.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 3.11.2017.

Málsatvik.

M segir málsatvik hafa verið þau að skipsfélagi hans á skipi sem G gerir út, hafi verið að vinna við skiljara og verkefni skipsfélagans hafi m.a. verið að tína úr aflanum þann fisk sem ekki átti að fara í lestar og henda honum í fiskikar á dekkinu rúmunum tveimur metrum neðar. M segist hafa verið að ganga eftir dekkinu og fengið fisk, sem ofangreindur skipsfélagi hans kastaði, í höfuðið og hafi meiðst við það. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G útgerðar skipsins og segir óforsvaranlegt að starfsmaður hendi þungum fiskum yfir gönguleið og það hafi verið of lítið að hafa bara einn mann við það verkefni sem ofangreindur skipsfélagi hans vann við í umrætt sinn og hann hefði ekki getað fylgst með mannaferðum um dekkið. Þá byggir M á því að ofangreindur starfsmaður hafi gert mistök og ekki gætt nægjanlegrar varúðar við vinnu sína. Starfsmaðurinn sem henti fiskinum segist ekki hafa séð M fyrr en fiskurinn lenti á honum. V hafnar bótaskyldu og telur ekki vera sýnt fram á orsakatengsl á milli atviksins 26.6.2008 og þeirra einkenna sem M rekur til þess atburðar sem þá gerðist. V segir að rúm fimm ár líði milli þess að M fái útgefið áverkavottorð, eða 21.4.2009, og til þess tíma að hann leiti til lögmanns og í kjölfarið á heilsugæsluna vegna einkenna frá hálsi. M eigi engar skráðar komur til lækna eða heilsugæslu á þessu tímabili, sem M reki til slyssins. Þá segir V að um óhappatilvik hafi verið að ræða og ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði sakarreglunnar sé uppfyllt. Þá bendir V á að M hafi verið 2. stýrimaður og yfirmaður á dekki og hafi haft forræði á mannskapnum sem þar vann í umrætt sinn og hafi vitað nákvæmlega um verklag sem var viðhaft. Þá segir V að um alvanalegt verklag hafi verið að ræða.

Álit.

Umrætt atvik varð 26.6.2008 og fékk M læknisvottorð um áverka sína dags. 21.4.2009. Samkvæmt gögnum málsins leitar hann síðan ekki til lækni eða heilsugæslu fyrr en síðla árs árið 2014 og á engar skráðar komur til lækni eða heilsugæslu vegna atviksins 26.6.2008 á um fimm ára tímabili. Ekki liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna fram á eða gera sennilegt að orsakatengsl séu á milli þess áverka sem M varð fyrir 26.6.2008 og þess sem var að hrjá hann á árinu 2014 og síðar. Orsakatengsl á milli þeirra einkenna sem M krefst bóta fyrir og atviksins þ26.6.2008 eru því ósönnuð og þegar af þeirri ástæðu á M því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr

ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 12.12.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.